

Sameining sveitarfélaga - aðkoma Jöfnunarsjóðs

Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á grundvelli reglna nr. 295/2003

Á árunum 2001 og 2002 var starfandi nefnd er hafði það hlutverk að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Að tillögu nefndarinnar voru gerðar ýmsar breytingar á laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn. Eitt af meginmarkmiðum með þeim breytingum var að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga.

Með tilvísun til þessa fór fram endurskoðun á reglum, nr. 619/1994 með síðari breytingum, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Nýjar reglur voru settar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og tóku þær gildi 9. apríl 2003.


Átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins stendur nú yfir og þykir rétt að benda sértaklega á eftirfarandi viðbótarheimildir til úthlutunar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í kjölfar sameininga sveitarfélaga sem fram koma í nýjum reglum nr. 295/2003 og þjóna því markmiði að styrkja enn frekar hlutverk sjóðsins í tengslum við sameiningu sveitarfélaga:

Á grundvelli e. liðar 1. gr. regnanna er heimild til greiðslu sérstaks framlags í fjögur ár frá sameiningarári að telja sem nemur samtals þeirri skerðingu sem kann að hafa orðið á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum. Þetta ásamt óskertu tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlagi á sameiningarári tryggir sveitarfélögum að þessi framlög lækka ekki í 5 ár.

Á grundvelli b. liðar 3. gr. regnanna er heimild til aðkomu sjóðsins að framkvæmdum við grunnskóla- og leikskólamannvirki, sem taldar eru nauðsynlegar til endurskipulagningar á skólahaldi, með allt að 50% þátttöku.

Á grundvelli c. liðar 3. gr. er heimild til aðkomu sjóðsins að nauðsynlegri þróun í stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi í allt að fjögur ár eftir sameiningu.

Rétt er að benda á að ef um miklar sameiningar verður að ræða þá munu þær hafa í för með sér að tekjujöfnunarpörfin í heild sinni mun að óbreyttum reglum minnka en það ráðstöfunarfé sem þá verður til mun renna til hækkunar á útgjaldajöfnunarframlögum hjá sjóðnum. Auk þess gæti niðurstaða úr átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins kallað á einhverjar breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs bæði vegna fækkunar sveitarfélaga og verkefnaflutnings frá ríki til sveitarfélaga.

 [Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga](#) (100 KB)

Reglur um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003


Í tengslum við átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins og vinnu þeirrar sem nú fer í hönd hjá samstarfsnefndum við undirbúning sameiningarkosninga sem fram eiga að fara 8. október nk. hefur félagsmálaráðherra að tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs

sveitarfélaga sett reglur um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003. Reglurnar eru settar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og fela einkum í sér rýmkun á heimildum sjóðsins til að taka þátt í kostnaði sveitarfélaga í aðdraganda sameiningarkosninga, sbr. a-lið 1. gr. reglnanna, óháð því hvort sameining hlýtur samþykki meirihluta íbúa í almennri atkvæðagreiðslu. Til samræmis nær b-liður sömu greinar framvegis aðeins til kostnaðar vegna framkvæmdar sameiningar en ekki annars undirbúnings. Loks er um að ræða orðalagsbreytingar í 3. gr. reglnanna sem fela þó ekki í sér efnislegar breytingar miðað við núverandi framkvæmd, þ.e. gert er ráð fyrir því að þátttaka sjóðsins í greiðslu launa framkvæmdastjóra vari í allt að fjögur ár eftir sameingu en að annar stuðningur skv. greininni vari í allt að fimm ár.

 [Reglur um breytingu á reglum nr. 295/2003](#)

Vinnureglur vegna úthlutunar framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003

Í tengslum við framangreinda breytingu á reglunum nr. 295/2003 hefur ráðgjafarnefndin sett sérstakar vinnureglur um úthlutun framlaga skv. a-lið 1. gr. reglnanna og hafa þær reglur hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra. Vinnureglurnar ná til hámarksgreiðslu úr Jöfnunarsjóði til að mæta eðlilegum kostnaði sveitarfélaga vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

 [Vinnureglur](#)